# 26. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 1. febrúar 2016 og hófst hann kl. 16:15

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1509106 - Deilisk. - Tjaldsvæði Kalmansvík**

   Kynning á vinnu við deiliskipulagið.

   *Skipulags- og umhverfisráð þakkar garðyrkjustjóra fyrir góða kynningu.*

2. **1511208 - Deilisk. - Ægisbrautar, vegna Vallholts 5**

   Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

   *Málið kynnt.*

3. **1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B**

   *Með vísan til þess að bæjarstjórn hefur ákveðið að auglýsa til kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, felur skipulags- og umhverfisráð sviðsstjóra að undirbúa íbúafund þar sem hin auglýsta tillaga verður kynnt fyrir íbúum. Tillagan hefur áður verið kynnt á almennum íbúafundi 28. maí 2015. Þar sem um mikið hagsmunamál er að ræða telur ráðið rétt að kynna tillöguna og hin auglýstu gögn á ný.*

4. **1512197 - Deilisk. - Stofnanareits, Merkigerði 9, sjúkrabílaskýli**

   *Breyting á deiliskipulagi stofnanasvæðis á Akranesi. Tekin fyrir tillaga að breytingu/leiðréttingu á deiliskipulagi vegna áforma um byggingu skýlis fyrir sjúkrabíla við sjúkrahúsið, dagsett 28. janúar 2016, unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Lagt er til að í greinargerð verði bætt ákvæði um nýtingarhlutfall lóðarinnar Merkigerðis 9 og að það verði 0,7.*

   *Breytingin er óveruleg og leggur skipulags- og umhverfisráð til við bæjarstjórn að með hana verði farið skv. 3. mgr. 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

5. **1601378 - Jaðarsbakkar 1 - útisvæði sundlaugar.**

   *Málið kynnt.*

6. **1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016**

   *Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að leggja fram kostnaðarmat á viðhaldi stofnanalóða.*

EB

7. **1501126 - Sorphirða - framlenging á samningi**

   *Málið kynnt.*

8. **1601050 - Vallholt 1, endurnýjun lóðaleigusamnings**

   Beiðni Jón Pálma Pálssonar fyrir hönd eigenda Vallholts 1, um endurnýjun lóðaleigusamnings.

   *Málið kynnt.*

9. **1601468 - Þjóðvegur í þéttbýli**

   Málið kynnt.

10. **1602011 - Starfsmannamál**

    *Sviðstjóri fór yfir ráðningarferli nýs byggingafulltrúa Akraneskaupstaðar. Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við ráðningarferlið.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Einar Brandsson
Rakel Óskarsdóttir
Karitas Jónsdóttir
Valgarður L. Jónsson
Kristín Sigurgeirsdóttir
Sig. Þ. H.
Hafdís Sig. rit.